

**185. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi,
25. janúar 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Karl Jóhann Haagenzen verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Fundurinn er haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2011247 - Fjöliðjan - úttekt á húsnæði

Sameiginlegur dagskrárliður skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindaráðs.

Skipulags- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar óskaði eftir ástandsskoðun á húsnæði Fjöliðjunnar vinnu- og hæfingarstað að Dalbraut 10. Verkís annaðist úttektina og liggja niðurstöður hennar fyrir ásamt niðurstöðum Náttúrufræðistofnunar Íslands á þeim sýnum sem voru tekin.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Indriða Nielssyni verkfræðingi, frá Verkís og Birni Marteinsyni verkfræðingi, góða kynningu á niðurstöðum ástandsskoðunar á húsnæði Fjöliðjunnar og tillögur um úrbætur við endurbyggingu hússins. Skipulags- og umhverfisráð vísar skýrslu Verkís til bæjarráðs og leggur til við bæjarráð að stuðst verði við rannsóknina við endurbyggingu núverandi húsnæðis og stækkun Fjöliðjunnar að Dalbraut 10.

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs að vinna málið áfram.

2. 2101081 - Gatnaviðhald - umferðaröryggi

Jón B Ólafsson verkefnastjóri fer yfir gatnaviðhald og aðgerðir vegna umferðaröryggis 2021.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar Jóni góða kynningu. Skipulags- og umhverfisráð leggur til að verkefni er snúa að gatnaviðhaldi og umferðaröryggi verði boðin út sem fyrst.

3. 1902223 - Stígur upp í Flóahverfi

Tillaga að stíg inn í Flóahverfi.

Farið var yfir hugmyndir að legu stígs sem nær upp í Flóahverfi. Skipulags- og umhverfisráð felur skipulags- og umhverfissviði frekari vinnslu málsins. Haft verði samráð við Skógræktarfélagið og reiðveganefnd Dreyra varðandi frekari útfærslur.

4. 2011264 - Esjuvellir 8 bílskúr - umsókn um byggingarleyfi

Umsókn um heimild til að byggja bílskúr á lóðinni. Lóðin er á óskipulögðu svæði.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að framkvæmdin verði grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir fasteignaeigendum við Esjuvelli 4, 6 og 10.

5. 2101132 - Suðurgata 32 bílskúr breyting í íbúð - umsókn um byggingarleyfi

Umsókn um að breyta bílskúr í íbúðarhúsnæði. Húsið er á óskipulögðu svæði.

Skipulags- og umhverfissráð tekur jákvætt í erindið.

6. 2101220 - Deiliskipulag Stofnanareits breyting - Vesturgata 163

Umsókn um að breyta einbýlishúsi í tvíbýlishús.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að breytingin verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir fasteignaeigendum við Vesturgötu 160, 161, 162, 164 og 165.

7. 2101238 - Sementsreitur - uppbygging

Farið yfir hugmyndir um útteilingu lóða innan Sementsreits.

Skipulags- og umhverfissráð leggur áherslu á að flýta vinnu við gerð gagna þ.e. hægt verði að úthluta lóðum innan Sementsreits.

8. 2101022 - Æðaroddi 40 - umsókn um byggingarlóð

Bæjarráð óskar eftir umsögn skipulags- og umhverfissráðs um beiðni viðkomandi um nýtingu afsláttar í samræmi við 4. gr. gjaldskrár gatnagerðargjalda.

Í deiliskipulagi Æðarodda er landnotkun svæðisins fyrir búfénað þ.e. eingöngu fyrir hross og fé. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir lóðum til að byggja hús fyrir búfénað og tengda starfsemi svo og aðstöðu til þjálfunar og sýninga á búfé.

Varðandi ívilnun gjalda, þá er mikilvægt að hún sé veitt á viðtækari grunni en aðeins fyrir eina lóð. Ef veita á ívilnun á Æðarodda mætti horfa til að auka eftirspurn eftir lóðum sbr. 4. gr. gjaldskrár gatnagerðargjalda.

Bent skal hinsvegar á að ný reiðskemma sem verið er að reisa á svæðinu ætti að stuðla að aukinni eftirspurn eftir þeim lóðum sem eru lausar á svæðinu.

9. 2001274 - Söluvefur lóða

Skipulags- og umhverfissráð þakkar Stefáni Steindórssyni byggingarfulltrúa fyrir góða kynningu á söluvef lóða á Akranesi. Samþykkt er að opna fyrir aðgang að söluvef www.300Akranes.is, á heimasíðu Akraneskaupstaðar.

Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.

Sign. (RBS, ÓA, GS, SPH, KJH, SpS)

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:30.